

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 04. maí 2011

Efni: Umsögn um þskj. 1223 — 704. mál á 139. löggjafarþingi 2010–2011

1. ALMENNT

Deloitte hf. fagnar því að fá tækifæri til að veita umsögn um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sú breyting sem nú er lögð fram er til að samræma hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða við það sem áður hefur komið fram í fyrirtækjum sem lúta eftirlitsskyldu opinberra aðila og opnað fyrir mögulegar fjárfestingar sem taka mið af hlutabréfamarkaðnum eins og hann er nú og spár segja til um hvernig verði á næstu árum.

Deloitte hf. telur að sú meginhugsun sem fram kemur í frumvarpinu sé almennt til bóta og styðji við þá þróun að gera lífeyrissjóðum kleift að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum sem eru lífvænleg, þótt þau lúti ekki ströngustu reglum um skráningu á markaði. Undantekningarákvæði frumvarpsins valda þó ákveðnum vonbrigðum.

Á sama tíma og Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands eru í átaki til að fá fyrirtæki landsins til að efla góða stjórnarhætti sína, þykir Deloitte hf. skjóta skökku við að frumvarp geri áfram ráð fyrir að undantekningarreglur í svo mikilvægum málum sem hér eru lagðar fram, skipi svo stóran sess og hafi alla burði til að geta orðið að aðalreglum. Meginregluna um þrönga skýringu á undantekningum verður að hafa í forgrunni, og gæta ber að því að hún leiði ekki til þess að aðalreglan hafi í raun litla eða enga þýðingu.

Hér á eftir eru raktar helstu athugasemdir Deloitte við frumvarpið eftir því sem við á.

2. EINSTÖK ATRIÐI FRUMVARPSINS

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gerð ítarleg(ri) krafa til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða um að hafa ekki hlotið dóm fyrir refsiverða háttsemi síðastliðin 10 ár. Þetta ákvæði lengist um helming og verður einnig ítarlegra. Hér eru samkeppnislög sérstaklega tilgreind og sérlög sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastofnunum. Ljóst er að flutningsmaður er að reyna að ná yfir

helstu brot sem gætu haft áhrif á hæfi stjórnarmanna sem fara með mikið fjárveitingarvald, líkt og lífeyrissjóðir gera. Hér mætti t.d. bæta við upptalningu ákvæðisins ákvæðum laga sem hafa með náttúruvernd og mengunarvarnir að gera. Ljóst má vera að efnahagsbrot framtíðarinnar munu beinast meira að sviði mengunarvarna en hingað til hefur þekkt. Það er því með sambærilegum rökum og samkeppnislög eru sett inn í ákvæðið, að taka fleiri lög til skoðunar og ekki einskorða það við möguleg efnahagsbrot sem tengjast hefðbundnu bókhaldi. Þá má einnig spyrja hvort menn sem hlotið hafa dóm eigi yfir höfuð að sitja í stjórn lífeyrissjóða, sem byggja á hagsmunum sem lúta almannaheill.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ný aðalregla sem byggir á hæfisskilyrðum stjórnarmanna og tengslum þeirra við aðra eftirlitsskylda aðila. Nauðsynlegt er að klippa á mögulega hagsmunaárekstra og krosseignartengsl þegar kemur að hagsmunagæslu fyrir lífeyrissjóði landsmanna. Þess vegna fagnar Deloitte hf. því að þetta ákvæði komi inn í lögin.

Í málsgreinunum sem koma á eftir 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru undantekningarákvæði. Þegar verið er að setja reglur sem eiga að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og krosseignartengsl eru undantekningarákvæði mjög varasöm því þau hafa þá tilhneigingu að verða meginreglan. Í 3. mgr. 1. gr. er undantekningarákvæði sem getur verið eðlilegt, í ljósi þess að verið er að gæta hagsmuna lífeyrissjóðsins. Þá er þetta ákvæði skilgreint þannig að félagið þjóni eingöngu lífeyrissjóðnum og því gæti verið um eina efnahagslega einingu að ræða. Heppilegra gæti samt verið að fá aðila sem ekki er tengdur með þeim hætti að vera stjórnarmaður eða starfsmaður lífeyrissjóðsins. Þá væri tryggt að eftirlitshlutverk stjórnar væri til staðar án þess að spurningar vakni um tengsl aðila. Önnur undantekningarákvæði eru varhugaverð og óljóst hvort þau séu til þess fallin að ná tilgangi sínum. Það er efni í sérstaka umræðu hvernig kjöri manna í stjórnir lífeyrissjóða eigi að vera háttáð og það verður ekki séð að skipun eða kosning sjóðsfélaga á einstaka aðila til setu í eftirlitsskyldum aðila breyti nokkru um þetta efni. Þessi ákvæði gera það að verkum að það verður ábyrgð FME að meta hvort um hagsmunaárekstur er að ræða eða ekki. Það er ekki heppilegt að FME fari með heimild til að meta hæfi einstakra aðila og veiti þeim leyfi til að sitja í stjórn, sem FME fer síðan með eftirlit með. Ber að vara við slíkri tengingu.

Um 2. gr.

Í a. lið þessa ákvæðis er fjallað um þrengingu á 2. málslið 3. mgr. 36. gr. laganna. Deloitte hf. fagnar því að hlutabréf séu sérstaklega tilgreind. Þetta styrkir þá heimild lífeyrissjóðanna að geta fjárfest í lífvænlegum félögum, sem ástunda góða stjórnarhætti.

Í b. lið ákvæðisins er vísað til að engar hömlur eigi að vera með hlutdeildarskírteini eða aðra sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölulið 1. mgr. 36. gr. laganna, nema um „*eðlilegan viðskiptalegan tilgang*“ sé að ræða sem „*gæti hagsmuna fjárfesta*“. Fyrri hluti ákvæðisins er til þess fallinn að hafa opin og gagnsæ viðskipti, en seinni hluti ákvæðisins er svo matskenndur að hann í raun tekur fyrir að fyrri hluti ákvæðisins verði virkur. Hvað er eðlilegur viðskiptalegur tilgangur? Það er möguleiki að setja nánast allt inn í þennan kassa, þar sem rökin verða ávallt matskennd og háð túlkun þess sem með fer. Hér er enn ein tilraunin til að skapa umhverfi sem er gagnsætt sett út í kuldann. Það nær ekki tilgangi sínum að setja ákvæði sem síðan er gert marklaust með svo víðtækri og matskenndri undantekningu.

Um 3. gr.

Það er almennt ekki heppilegt að vera með bráðabirgðaákvæði í lögum. Þetta ákvæði kann að vera skiljanlegt í því viðskiptaumhverfi sem er á Íslandi í dag. Þó ber að benda á að þau skilyrði sem talin eru upp í greinagerð með frumvarpinu, þ.e. 21.-23. gr. laga um hlutafélög, eru ekki þess eðlis að undanþága eigi að heimila fjárfestingar lífeyrissjóða. Það er ákvörðun stjórnar hlutafélags hverju sinni ef hömlur eru á meðferð hlutabréfa, en sama stjórn getur með sama hætti aflétt öllum þeim hömlum sem þarf, sem væri mun heppilegri leið, til að tryggja gagnsæi og góða stjórnarhætti.

3. SAMANTEKT


Á sama tíma og Deloitte hf. fagnar því að hæfisskilyrði eru skýrð og þar með gerðar auknar kröfur til stjórnarmanna lífeyrissjóða, verður að lýsa yfir vonbrigðum með hve undantekningar skipa stóran sess í frumvarpinu. Það er líkt og verið sé að koma til móts við mörg mismunandi sjónarmið í einu ákvæði, án þess að tryggja með óbyggjandi hætti að hagsmunir sjóðsfélaga séu hafðir að leiðarljósi. Það hlýtur að vera endanlegt markmið að fé sjóðsfélaga ávaxtist og ekki komi upp atvik þar sem stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri þurfi að svara fyrir einhvers konar misgjörðir með tilheyrandi kostnaði fyrir sjóðsfélaga.

Óljóst er hver raunverulegur ávinningur er með undantekningunum sem fram koma í frumvarpinu. Í flestum tilvikum geta fyrirtæki aflétt leynd sinni og hömlum á hlutabréfum þess, ef áhugi er yfir höfuð fyrir hendi, að fá svo sterkan fjárfesti inn í félagið, sem lífeyrissjóðir eru. Það á ekki að vera á grundvelli undantekninga. Undantekningar af þessu tagi viðhalda frekar að fyrirtæki uppfylli ekki almenn skilyrði til að geta flokkast sem fyrirmyndarfyrirtæki með góða stjórnarhætti. Afslátt af hagsmunatengslum og krosseignartengslum á ekki að gefa.


Deloitte vonast til að nefndarmenn skoði það alvarlega að takmarka undanþágurnar eins mikið og mögulegt er. Viðskipti með hlutabréf eiga að vera án hamla og lífeyrissjóðir eiga ekki að fjárfesta nema í félögum þar sem stundaðir eru góðir stjórnarhættir. Það er hvati til framtíðar.

Deloitte er tilbúið til að veita frekari aðstoð og skýringar ef þess verður leitað.

Virðingarfyllt
f.h. Deloitte



Hólmfríður Kristjánsdóttir
Lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisviðs



Pétur Steinn Guðmundsson
Lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisviði